



Reykjavík 24.01.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 24. janúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Haðaland 26, Fossvogsskóli

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, mótt. 14. júlí 2017, um breytingu á deiliskipulagi Fossvogsskóla. Í breytingunni felst að koma fyrir nýjum byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. ágúst 2017, br. 19. janúar 2018. Einnig er lagður fram tölvupóstur Guðmundar Torfasonar dags. 7. nóvember 2017 þar sem farið er fram á frestun málsins og umsögn samgöngudeildar Reykjavíkurborgar um leiðarval skólabarna dags 7. nóvember 2017. Tillagan var auglýst frá 27. september 2017 til og með 30. nóvember 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðmundur Halldór Torfason og Björg Jakobína Þráinsdóttir dags. 8. og 30. nóvember 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. janúar 2018.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. janúar 2018.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjöl: uppdráttur umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. ágúst 2017, br. 19. janúar 2018, tölvupóstur Guðmundar Torfasonar dags. 7. nóvember 2017, umsögn samgöngudeildar Reykjavíkurborgar um leiðarval skólabarna dags 7. nóvember 2017, innsendar athugasemdir og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. janúar 2018.

BREYTING Á DEILSKIPULAGI FOSSVOGSHVERFIS VEGNA HADALANDS 26/FOSSVOGSSKÓLA



Gildandi deiliskippulag Haðalands 26/Fossvogsskóla samþykkt í borgarráði 18.02.2010, öðlaðist gildi 29. Mars 2010

GREINARGERD:

Í gildi er deiliskipulag "Fossvogshverfi", sem er samþykkt í borgarráði 6.2.68 með síðari breytingum

1. áfangi skólans er byggður skv. teikningum frá 1971 og 2. áfangi 1973.


Lóðaraförðkun fyrir skólan er samþykkt í borgarráði 27. 10. 98 og sam-

[illegible]

- Bollagerði er staðsett í suðvestur hluta lóðar.
- Byggingarreiður fyrir læranlegar stofur er staðsettur á núverandi bollavelli.

Helstu stærðir í samþykktu deiliskipulagi:

Lóð	20.768 m2
Skólabygging	4.059 m2
Fjöldi bílastæða á lóð auk gestastæða	69



SÉRSKILMÁLAR FYRIR BOLTAGERDI:

Boltagerði:


á langhlið. Gírding er umhverfis völlinn og verður hann uppýstur inn á við með fjórum allt að 8m háum ljósastaurum.

Lýsing er skermuð af og beint inn á grasvöllinn.



Lýsingin skellir að og deilir til á gúðavöllum.

hæst 3m. fyrir miðjum velli við mörkin. Sjá skyringarupprátt.

Huga skal að því að frágangur og útlit vallarins taki mið af aðstæðum og falli vel að mannvirkjum á lóð



Sneiðing - skýringamynd austur



Tillaga að deiliskipulagsbreytingu mkv.1:1000

Breytingin á tillögu að nýju deiliskipulagi snýr að nýjum byggingarreit fyrir faeranlegar kennslustofur á suðausturhluta Íððarinnar.

Gildandi byggingareltur fyrir færnlegar kennslustofur fellur úr gildi við þessa samþykkt en þar hefur verið útbúið leiksvæði.

Logó verður afhent á að stofnunarfalli að landinu og þær aðlagðar að þeim landhalla sem þyrir er andmóttun mun því eigna sér stað samþilða því að stofnunar verða staðsettar

Landmótun mun því eiga sér stað samhlíða því að stofnunar verða staðsettar.

Gert er ráð fyrir fjórum færanlegum kennslustofum á nýjum byggingarrei á suðausturhluta Ísðáinnar.

Hámarksæðin á færangum kennslustofum er 4,30 m. Hæðakóli húsa inna byggingareitsins er 18,5 m +/- 30 cm.


Lóð	20.768 m ²
Skólabýgging	4.060 m ²
Fjöldi bílastæða á lóð auk gestastæða	69
Samtals byggingarmagn á lóð er	4.560 m ²

FAERANLEGAR KENNSLUSTOFUR

Byggingamagn fyrir færarlegar kennslustofur er 500 m2



Skyrningamynd, dæmi um uppröun á kennslustofum



1863.4						
Reinmarudstór Síðlaug Reinmarud	090552-7999	SímiNet				
Vefur	HABALAND 26				Töfn nr.	1
	FOSSVOGGSKÓLI					
	Deiliskúplagsbreyting		1:500	1:100		
	Teknað/Þrannað				Dagur	
	AMB				3.108.17	
					A1	
	Rómar Gunnarsson Arna Elvira Þorvaldsson		arkitekt F.A.I.	090550-7999		
	Umhverfis- og skipulagssvið Hevylarkunur og Borgarlínur		arkitekt F.A.I.	2208045-7999		
	Útgerðin		arkitekt	2208045-7999		
	Borgarlínur 12-14, 105 REYVÍKAVÍK sími 471-8000					

1863.4						
Reinmarudstór Hólmur Síðlaugur 090552-7999	Samlæti					
Vor ⁴						
HABALAND 26						Tökn nr. 1
FOSSVOGGSKÖLL						
Deiliskipulagsbreyting					1:500, 1:100	
Teknað/Þrannað						Dægs 3.108.17
AMB						A1
Rómar Gunnarsson Rannsóknir Ariana íslenski Bænaelkskúli 12208345-7999						arkitekt F.A.I. 0905502-7999
Umhverfis- og skipulagsvið heylivakuvörðugar						arkitekt F.A.I. 2208345-7999
Borgarlínan 12-14, 105 REYVÍK/AMK sími 471-8000						arkitekt 2208345-7999

Helena Stefánsdóttir

Frá: G Torfason <ght@simnet.is>
Sent: 5. desember 2017 15:42
Til: Lilja Grétarsdóttir
Afrit: Helena Stefánsdóttir; Anna María Benediktsdóttir; USK Skipulag; bjakobina@simnet.is
Efni: Re: Haðaland 26, Fossvogsskóli breyting á deiliskipulagi

Sæl Lilja.

Vinsamlega látið alla mína tölvupósta inn sem erindi vegna þessara framkvæmda sem okkar framlag athugasemda/ábendinga.

Þær voru sendar innan tímarammans.

Vinsamlega látið okkur vita hver framvindan er á málinu.

Trúi því og treysti að þeir aðilar sem vinna þetta mál geri þetta faglega eftir því sem óskað er eftir.

Það er ekki gott að láta okkur vita svona seint með slíka meiriháttar framkvæmd í hverfinu eins og bréfið dagsett 29.september bar með sér.

Verum lausnamiðuð í þessu verkefni.

Get hitt aðila málsins hvenær sem er.

kveðja

Guðmundur Torfason

On 05 Dec 2017, at 11:21, Lilja Grétarsdóttir <lilja.gretarsdottir@reykjavik.is> wrote:

Sæll Guðmundur

Málið er komið á þann stað að kynningartíma er lokið.

Við þurfum að vita hvort netpóstu þinn hér að neðan 30.11.17 eða annar netpóstur frá þér á að skrást/skoðast sem athugasemd?

Þó að fresturinn sé liðinn lít ég þannig á að þú getir tekið þínar ábendingar/athugasemdir saman og sent okkur, en það þarf að gerast sem fyrst.

Kveðja

Lilja Grétarsdóttir arkitekt
umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
netfang lilja.gretarsdottir@reykjavik.is
sími 411-1111, fax 411-3071

From: G Torfason [<mailto:ght@simnet.is>]

Sent: 30. nóvember 2017 12:08

To: Anna María Benediktsdóttir; Rúnar Gunnarsson; Lilja Grétarsdóttir; Guðlaug Sturlaugsdóttir; Daníel Benediktsson; Haraldur Sigurðsson; USK Skipulag

Afrit: Aðalbjörg Ingadóttir; gunnarsig13@gmail.com; Soffía Pálsdóttir; Árni F Thorlacius Sigurlaugsson; "B. Jakobína Þráinsdóttir"; Elín Þóra Böðvarsdóttir

Subject: Haðaland 26, Fossvogsskóli

Góðan dag.

Vísast til svars frá Önnu Maríu Benediktsdóttur þann 6. nóvember í tölvupósti, þar sem er beðið um fundargerðir og nefndarmenn þeirra nefnda sem taka þessa ákvörðun og Anna María segir að það muni berast seinna umræddan dag. Ekki hefur borist svar ennþá.

Í bréfi sem sent var þann 13.11.2017(sjá viðhengi) kemur fram að framlengja eigi frest til 30.nóvember 2017. Einnig er talað um að lagður hafi verið fram póstur af Guðmundi Benediktssyni(sjá viðhengi), og gott væri að sjá þennan póst frá honum þar sem hann fer fram á frestun í málinu. Skil ekki alveg hver þetta er. Getið þið upplýst okkur um það?

Í bréfi sem var sent dagsett 7.11.2017, frá Reykjavíkurborg tekið saman af Kristni Jón Eysteinsyni kemur hið sanna fram að umferð um Kvistalandið á okkar lóð nr. 9-15 er. Umferðin er GRÍÐARLEGA Á ÁLAGSTÍMUM. Það er með miklum ólíkindum að greinarhöfundur segir að umferð muni ekki aukast um þessa umræddu lóð og í hverfinu. Það sem einmitt kemur fram er, að haustið 2009 er umferð GRÍÐARLEGA mikil um okkar lóð. Sést á MYND 1 OG 2(sjá viðhengi) að í Kvistalandi er einnig mesta hætta á slysum og gatan og umferð um hana MJÖG mikil. Þá er leikskólinn Kvistaborg í botnlanga Kvistlands þar sem mikil umferð er einnig og gangandi, hjólandi og akandi fara um. Allir koma á svipuðum tíma til og frá skóla og leikskóla utan þess að íbúar eru einnig að koma/fara til vinnu og skóla Á ÁLAGSTÍMUM. Einnig talar greinarhöfundur um að það sé niðurstaða að ekki hafi þetta í för með sér aukið álag á núverandi leiðum, sem stangast á við það sem kom fram á fundinum að það er aukning í Fossvogsskóla og eru ca. 320 nemendur núna í skólanum en muni fjölga í ca 400. Það er því mikil aukning umferðar í og frá skólanum fyririrriggjandi. Þetta blasir við og þá þarf Reykjavíkurborg að bregðast við þessu. Að breyta leiðarvali hjá nemendum og þeim sem sækja skólann er langsótt, NEMA TIL SKIPLAGSBREYTINGA Á GÖNGULEIÐUM(AÐKOMU AÐ FOSSVOGSSKÓLA) VERÐI STOFNAÐ. Það er ljóst að fólk fer stystu leið í skólann og könnunin staðfestir það. Ef það á að breytast þarf að koma til gagnræð á áætlun þar sem nærumhverfið er rannsakað og hegðan fólks í heildarumferðinni metin. Ekki er ráðlegt að fara í fyrirhugaðar framkvæmdir nema að fyrir liggi áætlun um þetta með rannsókn. Rannsóknin frá 2009 bendir til að nemendur eru að stytta sér leið eins og þeir geta í skólann sem er eðlilegt og foreldara og forráðamenn barna fara ekki eftir þeim leiðbeiningum sem ætlast er til. Það er ALLTAF AÐ MAGNAST umferðin inn á okkar lóð MEÐ AUKINNI BÍLAEIGN og við erum nú sífellt að fá ÖKUTÆKI inn á okkar lóð þar sem fólk er stundum ókurteist þegar maður gerir athugasemd með að akandi umferð er ekki leyfð á lóðinni Kvistalandi 9-15 og fólk skuli hafa öryggi gangandi í fyrirrúmi og nýta sér þær leiðir sem er æskilegast í gegnum Haðaland, að Kvistaborg og svo í niður af Óslandi. Fáum oftast en ekki athugasemdir að þau hafi ekki tíma og umferð sé svo mikil að þetta gangi allt svo hægt. ÞAÐ ÞARF AÐ SKILGREINA LEIÐIRNAR BETUR, EN ÞAR SEM VANI ER TIL STAÐAR, ER ERFITT AÐ BREYTA HEGÐAN. HVAÐ GERÐIST EF VIÐ MYNDUM LOKA STÍGNUM Á OKKAR LÓÐ?

Ég læt fylgja tölvupósti sem ég sendi 7. nóvember 2017 ásamt nokkrum viðbættum.

Ég vona að þetta erindi hér að neðan verði tekið með jákvæðum hætti og fólk skoði hagsmuni “**allra**” aðila.

Hef ekki enn fengið fundargerðir nefnda sbr. fyrri póst.

Hjálagt eru okkar hugrenningar eftir fundinn með ykkur og fundargerð sem þú sendir. Rétt að geta þess að það sem kemur ekki nógu skýrt í fundargerðinni að Guðlaug talaði um að alltaf er unnið eftir 5 ára áætlun til að spá í framtíðina og þá þörf sem getur myndast á þeim tíma fyrir skólana. Okkur finnst líka Reykjavíkurborg ekki ráðstafa fjármagninu eftir bestu vitund varðandi þessa framkvæmd ef 5 ára áætlun hafi vera til staðar. Það hefði verið eðlilegast að byggja þá kennsluáðstöðu í fyrsta lagi áður en farið var að eyða fjármagni í dýrar framkvæmdir á leiksvæðum barnanna. Það kom fram á fundinum að þetta væri allt í einu skyndileg þörf í Fossvogsskóla og er það óskiljanlegt ef unnið er með 5 ára áætlanir. Þá er

eitthvað að framtíðarsýninni. Talað var um að rannsaka umferð á svæðinu að skólanum og er þetta einn mikilvægasti þátturinn í skólastarfinu að stýra umferðinni rétt til að tryggja öryggi. Skólinn er með mjög gott starf en það þarf að kynna sér flæði akandi, hjólandi og gangandi fólks. Nú þegar hefur akandi umferð aukist mjög mikið í haust og í svartasta skammdeginu er þetta mjög mikilvægt að minnka vélknúin ökutæki um hverfið eins og kostur er. Með þessum framkvæmdum óttumst við að það muni aukast verulega þar sem foreldrar hafa tilheingingu til að fara stystu leið í skólann með börn sín. Hver er þá bótaskyldur ef eitthvað kemur fyrir fólk á okkar lóð sem er á leið í skólann?

Það skal geta þess að síðust ca 5 árin hafa verið framkvæmdir kynntar með reglulegu millibili á skólalóðinni og hefur okkur bara verið tilkynnt um þær og síðan framkvæmt. Í kynningum á skólalóð Fossvogsskóla hefur þetta græna svæði austan megin alltaf verið með þeim formerkjum að yrði grænt og yrði skipulagt sem slíkt. Þetta veldur okkur mjög miklum áhyggjum hvernig framtíðarsýnin er á skólalóðinni og aldrei í fortíðinni hefur verið rætt um byggingar á þessu fallega græna svæði. Það er margt sem mælir á móti þessari fyrirhugaðri aðgerð og hefur það með öryggi barna á dimum vetrarmorgnum/kvöldum þegar bílaumferð er nú þegar mjög mikil í gegnum Kvistalandið. Gott hefði verið að vinna heildstæða lausn fyrir leiksvæði Fossvogsskóla og byggingar í samvinnu með “öllum” aðilum á svæðinu í stað þess að tilkynna fólki nýtt deiliskipulag í pörtum eftir því sem þörfin eykst á tilteknum atriðum. Okkur finnst að það sé hægt að leysa þetta mál með því að setja þessar framkvæmdir suður fyrir skólann þar sem nægt pláss er og aðgengi nemenda og starfsfóks skólans kemur í beinu framhaldi af skólabyggingum sem fyrir eru svo ekki sé talað um beint frá bílastæðum. Það má líka segja að framtíðarsýn nefnda Reykjavíkurborgar er ekki höfð í hávegum með tilliti til þarfa skólastarfsins o.þ.a.l. betri nýtingu á fjármagni. Það þarf einnig að vera lausnamiðaður í svona verkefni og loka ekki á aðrar hugmyndir þ.e.a.s. hafa samstarf við alla aðila sem hafa hagsmuni af svona framkvæmdum.

Okkar rök fyrir þessu eru eftirfarandi.

1. Í fyrsta lagi að halda umræddu svæði grænu austan megin og hætta við fyrirhugaðar framkvæmdir og þeim frestað ótímabundið.
2. Gangandi og akandi umferð er mjög mikil nú þegar í gegnum Kvistaland og umferð mun aukast til muna í gegnum okkar göngustíg á lóð okkar milli húsanna nr.9-15 í Kvistalandi. N.b. við íbúar í Kvistalandi nr. 9-15 greiddum fyrir allar framkvæmdir við gögnustíginn á sínum tíma til að gera aðgengi fyrir gangandi fólk betra þar í gegn. Unnum sjálf við framkvæmdirnar til að hafa grænu hugsunina að leiðarljósi með gangandi og hjólandi fólki.
3. Mikið ónæði er nú þegar inn á lóðir í neðstu röð í Kvistalandi og eftirliti mjög ábótavant að hálfu skólans. Þetta mun aukast til muna með því að koma fyrir þessum framkvæmdum á grænu svæði þar sem aukin áhætta verður á akandi sem gangandi fólki til og frá skólanum.
4. Framkvæmdir sem eru nú þegar í gangi á skólalóðinni hefði mátt vinna betur með öllum hagsmunaaðilum og hugsa til framtíðar með betri nýtingu fjármagnsins. Þar hefði að mínu mati átt að taka fyrst kennsluáðstöðu fyrir nemendur og kennara með framtíðarsýn í huga, áður en farið var í framkvæmdir. Staðreyndin er sú að flest hverfi Reykjavíkur endurnýjast með fjölgun yngra fólks og minnar síðan í sveiflum eins og gerist.
5. Öryggi er það sem við viljum tryggja fyrir gangandi og reynum að vera lausnamiðuð í þessu máli.
6. Einnig væri hægt að færa sparkvöllinn og nýta það undir skólastofurna þar sem þær einu sinni voru.
7. Þetta hefur einnig mögulega rýrandi áhrif á verðlagningu fasteignanna sem liggja að skólanum með slíkum framkvæmdum.
8. Hætta á það verði lagt í byggingu nýrrar álmu sem yrði þá 4. álman, sem varð raunin eins og gert var rétt eftir aldamótin síðustu þegar ný álma var byggð sem átti að tryggja nægt pláss fyrir nemendur og starfsfólk til framtíðar. Hún kom í staðin fyrir færanlegu kennslustofurnar sem voru þá þar sem núverandi sparkvöllur er.

9. FARIÐ ER FRAM Á UPPLÝSINGAR ÚR RANNSÓKN/KÖNNUN Á LEIÐUM BARNNA TIL OG FRÁ FOSSVOGSSKÓLA. EKKI HÆGT AÐ TAKA ÁKVÖRDUN NEMA ÚTKOMAN ÚR ÞEIRRI RANNSÓKN SEGI ANNAÐ EN RANNSÓKNIN FRÁ 2009 SEGIR.

10. BÖRNUM MUN FJÖLGA ÚR 320 Í CA 400 SEM ÞÝÐIR MEIRI UMFERÐ Á AKANDI, HJÓLANDI OG GANGANDI FÓLKI.

11. HVERNIG VÆRI NÚ EF REYKJAVÍKURBORG MYNDI TAKA SIG TIL OG HUGSA TIL LENGRI TÍMA (ca. 15-20 ára) MEÐ ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ HAFNA SKÓLANN AÐ AKVEÐINNI STÆRÐ M.V. FÓLKSFJÖLDA Í HVERFINU OG SKIPULEGGJA LEIÐIR AÐ HONUM SAMSVARANDI.

12. ÞÉTTING BYGGÐAR ER GÓÐ Á SINN HÁTT EN ÞÁ ÞURFA INNVIÐIR AÐ VERA Í TAKTI VIÐ NÚTÍMANN OG ÁÆTLAÐA FRAMTÍÐ MEÐ SAMSVARANDI HÆTTI.

13. RANNSÓKN Á HEGÐUN GANGNDI ÞARF AÐ LIGGJA FYRIR MEÐ ÓYGGJANDI HÆTTI AÐ EKKI AUKIST SLYSAHÆTTA HELDUR MINNKI M. V. ÞAÐ SKIPULAG SEM LIGGUR FYRIR MEÐ AÐKOMU AÐ FOSSVOGSSKÓLA.

14. HEFUR FARIÐ FRAM RANNSÓKN Á AKANDI VÉLKNÚINNA ÖKUTÆKJA TIL OG FRÁ SKÓLA Á ÁLAGSTÍMUM? ÞYRTI AÐ GERA!!

HLUTVERK REYKJAVÍKURBORGAR ER AÐ KOMA TIL MÓTS VIÐ ÍBÚA REYKJAVÍKUR EN EKKI TAKA EINHLIÐA ÁKVARÐANIR SEM OFT SKAÐAR UMHVERFI OKKAR. ÉG TALA EKKI BARA FYRIR HÖND OKKAR Í KVISTALANDI 11 ÞVÍ AÐ MARGIR ÍBÚAR HAFNA EINMINTT STÓRAR ÁHYGGJUR AF ÞESSU. VIÐ ERUM AÐ HUGSA ÞETTA HEILDSTÆTT MEÐ NÆRUMHVERFIÐ Í HUGA OG VELFERÐ OG ÖRYGGI ÞEIRRA SEM EIGA LEIÐ UM. HVER ER SKAÐABÓTASKYLDUR EF EITTHVAÐ SLYS GERIST ÚT AF ÞVÍ AÐ REYKJAVÍKURBORG ER SVO Í MUNA AÐ STÆKKA SKÓLANN Á ÞENNAN HÁTT. VÍSUM ALFARIÐ ÁBYRGÐ YFIR Á REYKJAVÍKURBORG EF AF ÞESSUM FRAMKVÆMDUM VERÐUR.

Vinsamlega haldið okkur upplýstum um framvindu mála.

MEÐ VON UM JÁKVÆÐAR OG GÓÐAR LAUSNAMÍÐAÐAR UNDIRTEKTIR.

Takk fyrir.

Kveðja

Guðmundur Halldór Torfason

Björg Jakobína Þráinsdóttir

Kvistalandi 11.

Færanlegar skólstofur við Fossvogsskóla, Umsögn um leiðarval skólabarna.

Á mynd 1. hér að neðan má sjá hvernig krakkar völdu leið sína í skólann haustið 2009. Þar má sjá að meiri hluti þeirra sem kemur að skólanum ofan við skólan og austan við hann kemur inn á göngustíg sem liggur innan lóðar við Kvistaland 9, 11, 13 og 15. Mjög fáir velja að fara göngustíg sem liggur milli Kvistalands og Lálands við enda Óslands og þaðan inn á skólalóðina. Nú stendur yfir í nóvember 2017 ný könnun á gönguleiðum skólabarna í öllum hverfum borgarinnar.

1.



Skv. mynd 2. hér að neðan má sjá hvar sömu nemendur merktu við helstu hættur á leið sinni til skóla. Þverun götu við Kvistaland 9 – 15 virðist þeim vera erfið. Þrátt fyrir að þar sé upphækkuð gönguleið yfir götuna. Bílar fara hratt, stöðva ekki og mikil umferð.

2.



Skv. mynd 3. hér að neðan má sjá hvar ljósastaurar eru staðsettir sem lýsa upp gönguleiðir að skólanum. Í hverfinu öllu er gömul lýsing þar sem víða eru gamlir lampar sem ekki lýsa fullkomlega eins og best væri á kosið. Nú stendur yfir verkefni þar sem fara á í útskiptingu á öllum ljósaperulömpum í hverfinu með nýrri LED tækni og verða þá skilgreindar kröfur til lýsingar á öllum helstu gönguleiðum hverfisins.

3.



Niðurstaða athugunar:

Staðsetning færanlegra skólastofa á opnu svæði austan við skólann mun ekki hafa í för með sér aukið álag á núverandi leiðum, einkum þar sem ekki er verið að fjölga í skólanum, aðeins bæta núverandi aðstöðu fyrir þá nemendur sem fyrir eru. Æskilegt væri þó að reyna að breyta leiðarvali nemenda að skólanum, sérstaklega þeirra sem koma að skólanum frá Óslandi með því að reyna að fá þau til að fara um göngustíginn sem liggur milli Kvistalands og Lálands. Líklegasta skýringin á því að ekki er farið um hann í dag er að þau upplifi sig ekki örugg á þeirri leið þar sem þar er meira umhverfismyrkur en á milli húsa þar sem þau eru sýnilegri.

Tillaga er að yfirfara lýsinguna á þessari leið sem liggur í borgarlandinu og að fegra umhverfið umhverfis hana á skólalóðinni sem gerir hana meira aðlaðandi. t.d. með gróðri sem veitir leiðinni meira skjól. Einnig mætti taka til athugunar að sett verði upphækkuð gönguleið þar sem ekið er inn í Kvistaland til að tengja betur saman gönguleið skólabarna.

Kristinn Jón Eysteinnsson

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

From: G Torfason [<mailto:ght@simnet.is>]

Sent: 30. nóvember 2017 12:08

To: Anna María Benediktsdóttir; Rúnar Gunnarsson; Lilja Grétarsdóttir; Guðlaug Sturlaugsdóttir; Daníel Benediktsson; Haraldur Sigurðsson; USK Skipulag

Afrit: Aðalbjörg Ingadóttir; gunnarsig13@gmail.com; Soffía Pálsdóttir; Árni F Thorlacius Sigurlaugsson; "B. Jakóbína Þráinsdóttir"; Elín Þóra Böðvarsdóttir

Subject: Haðaland 26, Fossvogsskóli

Góðan dag.

Vísast til svars frá Önnu Maríu Benediktsdóttur þann 6. nóvember í tölvupósti, þar sem er beðið um fundargerðir og nefndarmenn þeirra nefnda sem taka þessa ákvörðun og Anna María segir að það muni berast seinna umræddan dag. Ekki hefur borist svar ennþá.

Í bréfi sem sent var þann 13.11.2017(sjá viðhengi) kemur fram að framlengja eigi frest til 30.nóvember 2017. Einnig er talað um að lagður hafi verið fram póstur af Guðmundi Benediktssyni(sjá viðhengi), og gott væri að sjá þennan póst frá honum þar sem hann fer fram á frestun í málinu. Skil ekki alveg hver þetta er. Getið þið upplýst okkur um það?

Í bréfi sem var sent dagsett 7.11.2017, frá Reykjavíkurborg tekið saman af Kristni Jón Eysteinnssyni kemur hið sanna fram að umferð um Kvistalandið á okkar lóð nr. 9-15 er. Umferðin er GRÍÐARLEGA Á ÁLAGSTÍMUM. Það er með miklum ólíkindum að greinarhöfundur segir að umferð muni ekki aukast um þessa umræddu lóð og í hverfinu. Það sem einmitt kemur fram er, að haustið 2009 er umferð GRÍÐARLEGA mikil um okkar lóð. Sést á MYND 1 OG 2(sjá viðhengi) að í Kvistalandi er einnig mesta hætta á slysum og gatan og umferð um hana MJÖG mikil. Þá er leikskólinn Kvistaborg í botnlanga Kvistlands þar sem mikil umferð er einnig og gangandi, hjólandi og akandi fara um. Allir koma á svipuðum tíma til og frá skóla og leikskóla utan þess að íbúar eru einnig að koma/fara til vinnu og skóla Á ÁLAGSTÍMUM. Einnig talar greinarhöfundur um að það sé niðurstaða að ekki hafi þetta í för með sér aukið álag á núverandi leiðum, sem stangast á við það sem kom fram á fundinum að það er aukning í Fossvogsskóla og eru ca. 320 nemendur núna í skólanum en muni fjölga í ca 400. Það er því mikil aukning umferðar í og frá skólanum fyrirbyggjandi. Þetta blasir við og þá þarf Reykjavíkurborg að bregðast við þessu. Að breyta leiðarvali hjá nemendum og þeim sem sækja skólann er langsótt, NEMA TIL SKIPLAGSBREYTINGA Á GÖNGULEIÐUM(AÐKOMU AÐ FOSSVOGSSKÓLA) VERÐI STOFNAÐ. Það er ljóst að fólk fer stystu leið í skólann og könnunin staðfestir það. Ef það á að breytast þarf að koma til gagnræð áætlun þar sem nærumhverfið er rannsakað og hegðan fólks í heildarumferðinni metin. Ekki er ráðlegt að fara í fyrirhugaðar framkvæmdir nema að fyrir liggi áætlun um þetta með rannsókn. Rannsóknin frá 2009 bendir til að nemendur eru að stytta sér leið eins og þeir geta í skólann sem er eðlilegt og foreldara og forráðamenn barna fara ekki eftir þeim leiðbeiningum sem ætlast er til. Það er ALLTAF AÐ MAGNAST umferðin inn á okkar lóð MEÐ AUKINNI BÍLAEIGN og við erum nú sífellt að fá ÖKUTÆKI inn á okkar lóð þar sem fólk er stundum ókurteist þegar maður gerir athugasemd með að akandi umferð er ekki leyfð á lóðinni Kvistalandi 9-15 og fólk skuli hafa öryggi gangandi í fyrirrúmi og nýta sér þær leiðir sem er æskilegast í gegnum Haðaland, að Kvistaborg og svo í niður af Óslandi. Fáum oft en ekki athugasemdir að þau hafi ekki tíma og umferð sé svo mikil að þetta gangi allt svo hægt. ÞAÐ ÞARF AÐ SKILGREINA LEIÐIRNAR BETUR, EN ÞAR SEM VANI ER TIL STAÐAR, ER ERFITT AÐ BREYTA HEGÐAN. HVAÐ GERÐIST EF VIÐ MYNDUM LOKA STÍGNUM Á OKKAR LÓÐ?

Ég lét fylgja tölvupósti sem ég sendi 7. nóvember 2017 ásamt nokkrum viðbætum.

Ég vona að þetta erindi hér að neðan verði tekið með jákvæðum hætti og fólk skoði hagsmuni “**allra**” aðila.

Hef ekki enn fengið fundargerðir nefnda sbr. fyrri póst.

Hjálagt eru okkar hugrenningar eftir fundinn með ykkur og fundargerð sem þú sendir. Rétt að geta þess að það sem kemur ekki nógu skýrt í fundargerðinni að Guðlaug talaði um að alltaf er unnið eftir 5 ára áætlun til að spá í framtíðina og þá þörf sem getur myndast á þeim tíma fyrir skólana. Okkur finnst líka Reykjavíkurborg ekki ráðstafa fjármagninu eftir bestu vitund varðandi þessa framkvæmd ef 5 ára áætlun hafi vera til staðar. Það hefði verið eðlilegast að byggja þá kennsluáðstöðu í fyrsta lagi áður en farið var að eyða fjármagni í dýrar framkvæmdir á leiksvæðum barnanna. Það kom fram á fundinum að þetta væri allt í einu skyndileg þörf í Fossvogsskóla og er það óskiljanlegt ef unnið er með 5 ára áætlanir. Þá er eitthvað að framtíðarsýninni. Talað var um að rannsaka umferð á svæðinu að skólanum og er þetta einn mikilvægasti þátturinn í skólastarfinu að stýra umferðinni rétt til að tryggja öryggi. Skólinn er með mjög gott starf en það þarf að kynna sér flæði akandi, hjólandi og gangandi fólks. Nú þegar hefur akandi umferð aukist mjög mikið í haust og í svartasta skammdeginu er þetta mjög mikilvægt að minnka vélknúin ökutæki um hverfið eins og kostur er. Með þessum framkvæmdum óttumst við að það muni aukast verulega þar sem foreldrar hafa tilheingingu til að fara stystu leið í skólann með börn sín. Hver er þá bótaskyldur ef eitthvað kemur fyrir fólk á okkar lóð sem er á leið í skólann?

Það skal geta þess að síðust ca 5 árin hafa verið framkvæmdir kynntar með reglulegu millibili á skólalóðinni og hefur okkur bara verið tilkynnt um þær og síðan framkvæmt. Í kynningum á skólalóð Fossvogsskóla hefur þetta græna svæði austan megin alltaf verið með þeim formerkjum að yrði grænt og yrði skipulagt sem slíkt. Þetta veldur okkur mjög miklum áhyggjum hvernig framtíðarsýnin er á skólalóðinni og aldrei í fortíðinni hefur verið rætt um byggingar á þessu fallega græna svæði. Það er margt sem mælir á móti þessari fyrirhugaðri aðgerð og hefur það með öryggi barna á dimmum vetrarmorgnum/kvöldum þegar bílaumferð er nú þegar mjög mikil í gegnum Kvistalandið. Gott hefði verið að vinna heildstæða lausn fyrir leiksvæði Fossvogsskóla og byggingar í samvinnu með “öllum” aðilum á svæðinu í stað þess að tilkynna fólki nýtt deiliskipulag í pörtum eftir því sem þörfin eykst á tilteknum atriðum. Okkur finnst að það sé hægt að leysa þetta mál með því að setja þessar framkvæmdir suður fyrir skólann þar sem nægt pláss er og aðgengi nemenda og starfsfólks skólans kemur í beinu framhaldi af skólabyggingum sem fyrir eru svo ekki sé talað um beint frá bílastæðum. Það má líka segja að framtíðarsýn nefnda Reykjavíkurborgar er ekki höfð í hávegum með tilliti til þarfa skólastarfsins o.þ.a.l. betri nýtingu á fjármagni. Það þarf einnig að vera lausnamiðaður í svona verkefni og loka ekki á aðrar hugmyndir þ.e.a.s. hafa samstarf við alla aðila sem hafa hagsmuni af svona framkvæmdum.

Okkar rök fyrir þessu eru eftirfarandi.

1. Í fyrsta lagi að halda umræddu svæði grænu austan megin og hætta við fyrirhugaðar framkvæmdir og þeim frestað ótímabundið.
2. Gangandi og akandi umferð er mjög mikil nú þegar í gegnum Kvistaland og umferð mun aukast til muna í gegnum okkar göngustíg á lóð okkar milli húsanna nr.9-15 í Kvistalandi. N.b. við íbúar í Kvistalandi nr. 9-15 greiddum fyrir allar framkvæmdir við gögnustíginn á sínum tíma til að gera aðgengi fyrir gangandi fólk betra þar í gegn. Unnum sjálf við framkvæmdirnar til að hafa grænu hugsunina að leiðarljósi með gangandi og hjólandi fólki.

3. Mikið ónæði er nú þegar inn á lóðir í neðstu röð í Kvistalandi og eftirliti mjög ábótavant að hálfu skólans. Þetta mun aukast til muna með því að koma fyrir þessum framkvæmdum á grænu svæði þar sem aukin áhætta verður á akandi sem gangandi fólki til og frá skólanum.
4. Framkvæmdir sem eru nú þegar í gangi á skólalóðinni hefði mátt vinna betur með öllum hagsmunaaðilum og hugsa til framtíðar með betri nýtingu fjármagnsins. Þar hefði að mínu mati átt að taka fyrst kennsluáðstöðu fyrir nemendur og kennara með framtíðarsýn í huga, áður en farið var í framkvæmdir. Staðreyndin er sú að flest hverfi Reykjavíkur endurnýjast með fjölgun yngra fólks og minnar síðan í sveiflum eins og gerist.
5. Öryggi er það sem við viljum tryggja fyrir gangandi og reynum að vera lausnamiðuð í þessu máli.
6. Einnig væri hægt að færa sparkvöllinn og nýta það undir skólastofurna þar sem þær einu sinni voru.
7. Þetta hefur einnig mögulega rýrandi áhrif á verðlagningu fasteignanna sem liggja að skólanum með slíkum framkvæmdum.
8. Hætta á það verði lagt í byggingu nýrrar álmu sem yrði þá 4. álman, sem varð raunin eins og gert var rétt eftir aldamótin síðustu þegar ný álma var byggð sem átti að tryggja nægt pláss fyrir nemendur og starfsfólk til framtíðar. Hún kom í staðin fyrir færanlegu kennslustofurnar sem voru þá þar sem núverandi sparkvöllur er.
9. FARIÐ ER FRAM Á UPPLÝSINGAR ÚR RANNSÓKN/KÖNNUN Á LEIÐUM BARNNA TIL OG FRÁ FOSSVOGSSKÓLA. EKKI HÆGT AÐ TAKA ÁKVÖRÐUN NEMA ÚTKOMAN ÚR ÞEIRRI RANNSÓKN SEGI ANNAÐ EN RANNSÓKNIN FRÁ 2009 SEGIR.
10. BÖRNUM MUN FJÖLGA ÚR 320 Í CA 400 SEM ÞÝÐIR MEIRI UMFERÐ Á AKANDI, HJÓLANDI OG GANGANDI FÓLKI.
11. HVERNIG VÆRI NÚ EF REYKJAVÍKURBORG MYNDI TAKA SIG TIL OG HUGSA TIL LENGRI TÍMA (ca. 15-20 ára) MEÐ ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ HAFA SKÓLANN AÐ AKVEÐINNI STÆRÐ M.V. FÓLKSFJÖLDA Í HVERFINU OG SKIPULEGGJA LEIÐIR AÐ HONUM SAMSVARANDI.
12. ÞÉTTING BYGGÐAR ER GÓÐ Á SINN HÁTT EN ÞÁ ÞURFA INNVIÐIR AÐ VERA Í TAKTI VIÐ NÚTÍMANN OG ÁETLAÐA FRAMTÍÐ MEÐ SAMSVARANDI HÆTTI.
13. RANNSÓKN Á HEGÐUN GANGNDI ÞARF AÐ LIGGJA FYRIR MEÐ ÓYGGJANDI HÆTTI AÐ EKKI AUKIST SLYSAHÆTTA HELDUR MINNKI M. V. ÞAÐ SKIPULAG SEM LIGGUR FYRIR MEÐ AÐKOMU AÐ FOSSVOGSSKÓLA.
14. HEFUR FARIÐ FRAM RANNSÓKN Á AKANDI VÉLKNÚINNA ÖKUTÆKJA TIL OG FRÁ SKÓLA Á ÁLAGSTÍMUM? ÞYRTI AÐ GERA!!

HLUTVERK REYKJAVÍKURBORGAR ER AÐ KOMA TIL MÓTS VIÐ ÍBÚA REYKJAVÍKUR EN EKKI TAKA EINHLIÐA ÁKVARÐANIR SEM OFT SKAÐAR UMHVERFI OKKAR. ÉG TALA EKKI BARA FYRIR HÖND OKKAR Í KVISTALANDI 11 ÞVÍ AÐ MARGIR ÍBÚAR HAFA EINMINTT STÓRAR ÁHYGGJUR AF ÞESSU. VIÐ ERUM AÐ HUGSA ÞETTA HEILDSTÆTT MEÐ NÆRUMHVERFIÐ Í HUGA OG VELFERÐ OG ÖRYGGI ÞEIRRA SEM EIGA LEIÐ UM. HVER ER SKAÐABÓTASKYLDUR EF EITTHVAÐ SLYS GERIST ÚT AF ÞVÍ AÐ REYKJAVÍKURBORG ER SVO Í MUNA AÐ STÆKKA SKÓLANN Á ÞENNAN HÁTT. VÍSUM ALFARIÐ ÁBYRGÐ YFIR Á REYKJAVÍKURBORG EF AF ÞESSUM FRAMKVÆMDUM VERÐUR.

Vinsamlega haldið okkur upplýstum um framvindu mála.
MEÐ VON UM JÁKVÆÐAR OG GÓÐAR LAUSNAMIDAFAR UNDIRTEKTIR.

Takk fyrir.
Kveðja
Guðmundur Halldór Torfason
Björg Jakobína Þráinsdóttir
Kvistalandi 11.

Varðar: Haðaland 26, Fossvogsskóli, breyting á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 14. júlí 2017, um breytingu á deiliskipulagi Fossvogsskóla. Í breytingunni felst að koma fyrir nýjum byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. ágúst 2017. Einnig er lagður fram tölvupóstur Guðmundar Torfasonar dags. 7. nóvember 2017 þar sem farið er fram á frestun málsins og umsögn samgöngudeildar Reykjavíkurborgar um leiðarval skólabarna dags 7. nóvember 2017.

Tillagan var auglýst frá 27. september 2017 til og með 30. nóvember 2017 og bréf sent til hagsmunaðila næst lóðinni. Fundað var með hagsmunaðilum 3. nóvember 2017 þar sem tillagan var kynnt og rædd, fundinn sátu fulltrúar Umhverfis- og skipulagssviðs og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Guðmundur Halldór Torfason bað um afrit fundargerða og nöfn nefndarmanna þeirra nefnda sem tóku ákvörðun um tillöguna og var honum sent það.

Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir:

Guðmundur Halldór Torfason og Björg Jakobína Þráinsdóttir dags. 8. og 30. nóvember 2017.

Helstu atriði athugasendanna eru sett fram í eftirfarandi atriðum/rökum:

1. **Gerð er athugasemd við staðsetningu byggingareits fyrir færanlegar kennslustofur austan megin á lóðinni.** Óskað er eftir að halda í grænt svæði austan megin skólans og hætta við fyrirhugaðar framkvæmdir/fresta þeim ótímabundið. Meðal annars er bent á að hægt væri að færa sparkvöllinn vestan við skólann og nýta það svæði undir skólastofurnar, þ.e.a.s. á sama hluta lóðarinnar og áður voru færanlegar kennslustofur.

Svar: Um nokkurt skeið hefur legið fyrir aukin þörf skólans fyrir húsnæði m.a. vegna fjölgunar barna í hverfinu. Spár og áætlanir eru gerðar um þróun íbúafjölda og -samsetningar í öllum hverfum borgarinnar en eðlilega getur einhver breyting orðið á því sem síðan verður, en öruggt er að hverfin og íbúasamsetningin er í sífældri þróun. Það er m.a. verkefni borgaryfirvalda að fylgjast með því og bregðast við m.a. með því að leggja drög að því að stefnumörkun/deiliskipulag skólalóða inniberi ákveðin sveigjanleika til þess að taka við breytilegum fjölda barna og einnig að ekki sé verið að setja fé í varanlega fjárfestingu í húsnæði vegna tímabundina þarfa. Við þessu er m.a. brugðist með því að innan hvernar skólalóðar sé byggingareitur sem geti tekið við minni húsum/færanlegum kennslustofum tímabundið eða allt eftir þörfum.



Í undirbúnings- og vinnsluferli málsins var farið vel og ítarlega yfir mögulegar staðsetningar færanlegra kennslustofa fyrir Fossvogsskóla m.a. með tilliti til eftirfarandi þátta nýtingar lóðarinnar sem leiksvæðis, fyrri framkvæmda á lóðinni, tengsla færanlegra kennslustofa við annað húsnæði skólans og þannig að þær myndu valda sem minnstum umhverfisáhrifum fyrir hagsmunaðila næst skólanum. Niðurstaða þeirrar vinnu var að best færi á því að staðsetja byggingareitinn suð-austan megin á lóðinni, m.a. vegna þess að þar er óraskað svæði sem tengist ekki beint leiksvæði skólans og að á þessum stað er nokkuð mikil fjarlægð í næstu íbúðarhúsalóðir við Kvistaland. Einnig var ljóst að þessi staðsetning biði upp á góðar tengingar við núverandi húsnæði og innra starf skólans.

Til að tryggja og sýna fram á þetta er lagt til að bætt verði við tillöguna ásýnd frá suðri og snið sem sýnir afstöðu byggingareits og syðstu röð húsa við Kvistaland. Einnig að hæðarkóti innan byggingareits verði fastsettur, ákveðið var að gólfkvóti bygginga inn reitsins verði 18,5 m +/- 30 cm. Ásýndin og sniðið sýna að töluverð fjarlægð er frá Kvistalandi 11 að byggingareitnum eða xx m, einnig að hæðarmunur gólfa Kvistlands 11 og byggingareits er töluverður eða 3 m. Miðað við þetta má vænta þess að byggingar innan reitsins skyggi ekki á sýn frá Kvistalandi 11 til suðurs.

2. **Óttast umferðaraukningu og skerðingu á umferðaröryggi.** Gangandi og akandi umferð er mjög mikil nú þegar í gegnum Kvistaland, sett er fram sú skoðun að umferð muni aukast til muna í gegnum göngustíg á lóð milli húsanna nr. 9-15 í Kvistalandi. Bent er á að íbúar Kvistalandi nr. 9-15 greiddu fyrir allar framkvæmdir við göngustíginn á sínum tíma til að gera aðgengi fyrir gangandi fólk þar í gegn og unnu sjálf við framkvæmdirnar m.a. með hag gangandi og hjólandi fólks í huga. Sett er fram sú skoðun að áhætta muni aukast vegna væntanlegrar aukningar umferðar akandi sem gangandi fólks til og frá skólanum.

Svar: Í skipulagi Fossvogshverfis er hugsað fyrir aðkomuleiðum að byggðinni m.a. að skólanum og leikskólanum. Aðkomuleiðir akandi að þessum tveim skólum, sem liggja nánast samhliða, eru úr sitt hvorri áttinni annarvegur að skólanum um Hörgsland og Haðalandi og hinsvegar að leikskólanum um Ósland og Kvistaland, þ.e.a.s. hugsunin hefur verið sú að deila umferð að þessum stofnunum niður. Í megin atriðum gengur það eftir að akandi umferð dreifist með þessum hætti, erfitt er hinsvegar að sjá við því að einhverjir nýti aðrar leiðir. Reykjavíkurborg gerir sitt besta er varðar merkingar og upplýsingagjöf til þeirra sem eru að nota þjónustuna. Hvað gangandi/hjólandi umferð varðar þá leitar hún gjarna þeirra leiða sem færar eru.

Í upphaflegu deiliskipulagi og mæliblöðum syðstu einbýlishúsa lóðanna er sýndur göngustígur í gegnum þær niður í dalinn. Nokkur erindi er varða þessar stígtengingar hafa verið til umfjöllunar/meðferðar hjá embætti skipulagsfulltrúa á umliðnum árum m.a. hvort kvöð sé á lóðunum um þær. Fyrir liggur umsögn skrifstofustjóra Framkvæmdasviðs Ágústs Jónssonar dags 13. janúar 2008 vegna erindis „Fossvogur, stígar lokun göngustíga“ þar sem farið er yfir þetta. **Afgreiðsla skipulagsráðs þann 30. Janúar 2008 var:**

SN070654 Skipulagsráð: Tekið fyrir 30.1.2008 á fundi nr. 122

Lögð fram fyrirspurn Árna Njálssonar, dags. 16. október 2007, um lokun göngustíga á einbýlishúsalóðum í Fossvogi.

Einnig lögð fram umsögn skrifstofustjóra Framkvæmdasviðs, dags. 13. janúar 2008

Niðurstaða í umsögn skrifstofustjóra Framkvæmdasviðs samþykkt.

Ráðið felur embætti skipulagsstjóra að höfðu samráði við Framkvæmdasvið að hefja þegar í stað vinnu við mögulega endurskoðun á deiliskipulagi Fossvogs með það að augnamiði að gera tillögur að skiptingu lóða og einföldun á göngustígakerfi svæðisins.

Niðurstaða umsagnarinnar var:

Svo sem að ofan greinir hefur ekki verið lögð á einbýlishúsalóðir í Fossvogsdal kvöð um almenna umferð, hvorki í skipulagsskilmálum né í lóðarleigusamningum. Ákvæði skipulagsskilmála um að lóðarhafar kosti viðhald gangstíganna, sem eru á sameiginlegum hluta lóðanna, felur ekki í sér kvöð um að þeir verði að þola almenna umferð um lóðir sína.

Það er því niðurstaða undirritaðs, að lóðarhöfum einbýlishúsalóða í Fossvogsdal sé heimilt að gera ráðstafanir sem hindra umferð almennings um lóðir þeirra, þ.m.t. að loka göngustígunum, enda sé samstaða innan hvernar lóðar um slíka ráðstöfun. Er þessi niðurstaða í samræmi við fyrrgreinda umsögn skipulagsfulltrúa frá 20. ágúst 2004.

Niðurstaðan var að ekki væri skylt að halda opinni gönguleið í gegnum syðstu lóðirnar og er það því val hvernar lóðar. Bent er á að það er mjög mikilvægt að flæði gangandi/hjólandi umferðar sé sem best í umhverfinu ekki síst til þeirra staða sem börn eiga mest erindi til. Það er því aðdúnarvert að eigendur lóðarinnar Kvistalandi 9-15 hafi valið að halda í göngutengingu um lóðina að skólanum opinni og gert það eins vel og raun ber vitni.

Það að meira umferðar álag sé um götur sem liggja að skólum og leikskólum er eðlilegt og erfitt er að koma alveg í veg fyrir að fólk brjóti reglur/hagi sér öðruvísi en ætlast er til. Reykjavíkurborg mun í framtíðinni sem hingað til vera vakandi fyrir og fylgjast með umferðar hegðun í Kvistalandi og bregðast við ef þörf krefur.

Ekki verður séð að uppbygging færanlegra kennslustofa austan megin skólans hafi önnur áhrif á umferð og umferðaröryggi en uppbygging vestan hans, eða uppbygging þeirra yfirleitt, börnin verða jafnmörg í skólanum.



3. **Óttast aukið ónæði.** Mikið ónæði er nú þegar inn á lóðir í neðstu/syðstu röð í Kvistalandi og eftirliti mjög ábótavant að hálfu skólans. Sett er fram sú skoðun að það muni aukast til muna með tillögu að breytingum/uppbyggingu á grænu svæði austan skólans.

Svar: Eins og fram hefur komið er ekki skylt að hafa opið fyrir flæði gangandi/hjólandi umferðar um lóðina og er það því valkostur að loka henni sætti eigendur sig ekki við það ónæði sem af henni hlýst, að ö.l. er vísað til svars við liðum 1 og 2.

4. **Finnst vanta heildstæðari framtíðarsýn fyrir skólalóðina og uppbyggingu hennar.** Bent er á að þær framkvæmdir sem eru nú þegar í gangi á skólalóðinni hefði mátt vinna betur með öllum hagsmunaaðilum og horfa til framtíðar með betri nýtingu fjármagnsins í huga. Þar hefði að mati bréfitara átt að taka fyrst kennsluáðstöðu fyrir nemendur og kennara með framtíðarsýn í huga og aðkomuleiðir að skólanum, áður en farið var í framkvæmdir á skólalóðinni, eins og nú hefur verið gert. Lýst er ótta yfir því að framkvæmdir á austurhluta lóðarinnar sé undirbúningur að byggingu 4. álmu hans til að tryggja nægt pláss fyrir nemendur og starfsfólk. Það hafi verið raunin þegar 3. álman var byggð til austurs.

Svar: Deiliskipulag er framtíðarsýn fyrir uppbyggingu og lýsir það þeim áformum sem fyrir séð eru í framtíðinni á þeim tíma sem áætlunin er unnin. Þó áætlun liggja fyrir þá kemur það ekki í veg fyrir að upp komi þörf á að breyta henni m.t.t. breyttra þarfa, en það að gera byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur er hluti af þessu, það er að segja að innbyggja sveigjanleika skólahúsnæðisins upp að vissu marki. Engin áform eru uppi um það að stækka skólann með byggingu varanlegs húsnæðis til austur.

5. **Sett er fram sú skoðun að framkvæmdin geti rýrt virði fasteigna sem liggja að skólanum.**

Svar: Ekki er fallist á röksemdir varðandi meinta verðrýrnun eigna, en bent skal á að samkvæmt 1. mgr. 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, "Bætur vegna skipulags og yfirtaka eigna í skipulags- og byggingarlögum" á sá sem sýnt getur fram á tjón vegna gildistöku skipulags e.a. rétt á bótum úr sveitarsjóði, en grein þessi er svohljóðandi:

"Nú veldur gildistaka skipulags því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún rýrnar svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða ríkissjóði eftir atvikum vegna landsskipulagsstefnu eða að sveitarsjóður leysi fasteignina til sín."

6. **Fram hefur komið að börnum í skólanum muni fjölga úr 320 í ca 400, sem þýðir meiri umferð akandi, hjólandi og gangandi.** Rannsókn á hegðun akandi og gangandi á álagstíma þarf að liggja fyrir og sýna með óyggjandi hætti að slyshætta aukist ekki heldur minnki m.v. breytt skipulag. Farið er fram á upplýsingar úr nýrri rannsókn/könnun á leiðum skólabarna til og frá Fossvogsskóla sem gerð var nóvember 2017 og sett fram sú skoðun að ekki sé hægt að taka ákvörðun um frekari uppbyggingu á lóðinni nema útkoman úr þeirri rannsókn segi annað en niðurstöður rannsókna frá 2009.

Svar: Fylgst er með umferð akandi, gangandi og hjólandi að Fossvogsskóla sem og öðrum skólum í borginni og kannanir gerðar reglulega m.a. á gönguleiðum skólabarna. Ekki verður séð að sveiflur í fjölda skólabarna hafi afgerandi áhrif á umferð eða umferðaröryggi. Í skipulagi hverfisins er upphaflega reiknað með ákveðnu umferðarflæði að skóla og leikskóla og umferðarmagn sveiflast eðlilega eitthvað miðað við fjölda skólabarna hverju sinni. Benda má á að á árunum upp úr 1970 voru rúmlega 500 börn í skólanum.

7. **Sett er fram sú skoðun að þétting byggðar sé góð á sinn hátt en þá þurfi innviðir að vera í takt við nútímann og áætlaðar þarfir framtíðarinnar.**

Svar: Með því að gera ráð fyrir byggingarreit fyrir viðbótar skólahúsnæði/færanlegar kennslustofur á skólalóðum, sem geta tekið við sveiflum sem verða á þörfum hverfa fyrir skólahúsnæði, er tekið á breytilegri þörf á þeim innviðum sem skólahúsnæði er. Óskynsamlegt er að byggja varanlegt húsnæði vegna þeirra breytinga.

Niðurstaða: Lagt er til að hæðarsetning verði ákveðin, innan byggingareits færanlegra kennslustofa, og uppdrætti/tillögunni breytt þannig að ásýnd frá suðri og sniði, sem lýsir hæðarafstöðu, verði bætt við. Að öðru leyti er lagt til að tillagan samþykkt óbreytt.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík
Lilja Grétarsdóttir arkitekt og verkefnisstjóri